



# Tannlæknafélag Íslands

## Icelandic Dental Association

Velferðarnefnd Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Dags: 17. mars 2022

### **Erindi: Umsögn í 58. máli á 152. Löggjafarþingi um gjaldfrjálsar tannréttingar fyrir börn**

Tannlæknafélag Íslands styður eindregið framlagða þingsályktunartillögu sem var fyrst lögð fram á Alþingi í fyrra. Um er að ræða mikið réttlætismál sem og heilbrigðismál. Tannréttingar barna eru hluti af heilsufari barna og lýðheilsu sem stjórnvöldum ber að huga mun betur að. Sé tannréttingum ekki sinnt getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilbrigði og sjálfsmynd barns.

Tannréttingar barna geta kostað barnafjölskyldur mikla fjármuni. Tannréttingar barna á Íslandi eru ekki niðurgreiddar nema að mjög litlu og takmörkuðu leyti, er það því alveg ljóst að efnaminni fjölskyldur geta oft á tíðum ekki leyft sér að fara með börn sín í tannréttingameðferð.

Slíkt er óásættanlegt að börnum á Íslandi sé mismunað með þessum hætti aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Tannlæknafélagið vill minna á góð reynsla er komin á samninga um gjaldfrjálsar tannlækningar barna (BASA samninga). Með tilkomu þeirra höfðu öll börn á Íslandi jafnan aðgang að tannlæknaþjónustu og hefur tannheilsa barna á Íslandi batnað mikið í kjölfarið.

Tannlæknafélag Íslands lýsir sig reiðubúið að koma að þeirri vinnu við að tryggja gjaldfrjálsar tannréttingar fyrir börn.

Tannlæknafélag Íslands vill einnig vekja athygli nefndarinnar á því að þrátt fyrir gjaldfrjálsar tannlækningar barna eru árlega um 5000 börn sem ekki nýta þennan rétt sinn. Ýmsar ástæður geta verið fyrir slíku en eitt er víst að stjórnvöld ásamt tannlæknum ber að reyna að ná til þessara barna. Um er að ræða skýlausan rétt barns til heilbrigðisþjónustu /tannlækninga sem er í raun ekki virtur. Hafi nefndin áhuga að ræða þetta mikilvæga mál lýsir Tannlæknafélag Íslands sig einnig reiðubúið til að koma á fund nefndarinnar.

Virðingarfyllt,  
Fyrir hönd stjórnar Tannlæknafélags Íslands

Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir  
formaður TFÍ